

# **Skógarvörðurinn á Norðurlandi**

**Starfsskýrsla fyrir árið 2000**

**Sigurður Skúlason**

# 1. VEÐURFAR ÁRSINS

## 1.1. Tíðarfarsyfirlit

**Í janúar** voru suðlægar áttir algengastar. Hámarkshiti mældist 13.7 stig 17. janúar. Lágmarkshiti var –14,6 stig 31. janúar. Meðalhiti í janúar var –0,88 stig. Meðalsnjódýpt var 51 cm, mest 70 cm 8. janúar. Úrkoma í janúar var 69,9 mm, mest 15,9 mm 29. janúar. Meðalvindhraði í janúar var 7.4 hnútar. Mikið hvassviðri var 16. janúar.

**Í febrúar** voru austlægar og suðlægar áttir algengastar. Hámarkshiti var –15,3 stig, 13. febrúar. Meðalhiti í febrúar var –3,87 stig. Meðalsnjódýpt var 48 cm, mest 102 cm, 29. febrúar. Úrkoma í febrúar var 145,3 mm, mest 38.1 mm, 28. febrúar. Meðalvindhraði í febrúar var 5.5 hnútar. Lítilsháttar öskufall frá Heklugosi var á Vöglum 26. febrúar.

**Í mars** voru austlægar áttir algengastar, þó nokkuð bæri á norðanáttum. Hámarkshiti var 12,8 stig, 28. mars. Lágmarkshiti var –15,3 stig, 4. mars. Meðalhiti í mars var –1,66 stig. Meðalsnjódýpt í mars var 82 cm, mest 100 cm 1. og 2. mars. Úrkoma í mars var 87.4 mm, mest 9.2 mm, 24. mars. Meðalvindhraði í mars var 8.9 hnútar. Svanir saúst í Fnjóskadal 25. mars og skógarprestir komnir 28. mars.

**Í apríl** bar mest á suðlægum og norðvestlægum áttum. Hámarkshiti var 11.0 stig, 30. apríl. Lágmarkshiti var –15,5 stig, 2. apríl. Meðalhiti var –1,20 stig í apríl. Meðalsnjódýpt í apríl var 23 cm, mest 30 cm 1. 2. og 3. apríl. Úrkoma í apríl var 25 mm, mest 13.9 mm, 15. apríl. Meðalvindhraði í apríl var 5,2 hnútar. Gæsir komnar 8. apríl, maríerla komin 27. apríl og stelkur og hrossagaukur 29. apríl.

**Í maí** skiptust á suðlægar og norðlægar áttir. Hámarkshiti var 21,2 stig, 12.maí. Lágmarkshiti var –5,8 stig, 20 maí. Meðalhiti í maí var 6,25 stig. Snjór mældist á jörð í 13 daga í maí, mest 6 cm, 1. maí. Úrkoma í maí var 19,9 mm, mest 4.5 mm, 22. maí. Meðalvindhraði í maí var 7.6 hnútar. Spóinn kominn 9. maí, krían 13. maí. Brum á birki farið að þrútna 10. maí, komið með grænan lit 21. maí og hálf útsprungið 26. maí. Lerki farið að grænka 11. maí og orðið mikið útsprungið 26. maí og talið algrænt 31. maí. Tún farin að grænka 9. maí og orðin algræn 25. maí. Gránaði í fjöll 17. maí og í byggð og til fjalla 30. maí.

**Í júní** voru breytilegar áttir og hægviðri. Hámarkshiti var 25.3 stig, 30. júní, sem var mesti hiti sem mældist á árinu, sami hiti mældist 24. júlí. Lágmarkshiti var –3,8 stig, 3. júní. Meðalhiti í júní var 9,05 stig. Úrkoma í júní var 19,4 mm, mest 8,1 mm, 17. júní. Meðalvindhraði í júní var 5,6 hnútar. Birki allaufgað 4. júní. Úthagi farinn að grænka 1. júní og orðinn algrænn 8. júní. Moldmistur í lofti 6. júní. Gránaði í fjöll 13. júní.

**Í júlí** voru suðlægar áttir og norðvestan átt algengastar. Hámarkshiti var 25.3 stig, 14. júlí. Lágmarkshiti var 2.0 stig, 9. júlí. Meðalhiti í júlí var 11,99 stig. Úrkoma í júlí var 10,6 mm, mest 35 mm, 4. júlí. Meðalvindhraði í júlí var 6.2 hnútar. Sláttur hafinn í Fnjóskadal 7. júlí.

**Í ágúst** voru breytilegar áttir, hægviðri og logn. Hámarkshiti var 21.3 stig, 8. ágúst. Lágmarkshiti var –0,6 stig, 6. ágúst. Meðalhiti í ágúst var 10,01 stig. Úrkoma í ágúst var 51.4 mm, mest 12.8 mm, 10. ágúst. Meðalvindhraði í ágúst var 4.3 hnútar. Einstaka greinar á birki og gulvíði farnar að gulna 7. ágúst og gulnun á birki orðin áberandi 25. ágúst.

**Í september** voru norðaustan og suðaustan áttir algengastar ásamt logni. Hámarkshiti var 17,5 stig, 3. september. Lágmarkshiti var -6,9 stig, 19. september. Meðalhiti í september var 6,30 stig. Úrkoma í september mældist 52,9 mm, mest 18,6 mm, 18. september. Meðalvindhraði í september var 5,5 hnútar. Birki farið að fella lauf 18. september og orðið alsölnað og lauf hálffallið af 28. september. Úthagi farinn að sölna 9. september og mikið sölnaður þann 24. Gránaði í fjallstoppa 9. september og snjóföln í byggð 18. september.

**Í október** voru norðaustan og suðaustan áttir algengastar, en nokkuð var um logn. Hámarkshiti var 14,4 stig, 6 október. Lágmarkshiti var -8,1 stig, 13. október. Meðalhiti í október var 1,94 stig. Úrkoma í október var 51,4 mm, mest 8,8 mm, 18. október. Meðalvindhraði í október var 4,3 hnútar. Allt lauf fallið af birki 11. október. Lerki orðið algult 11. október. Grátt í fjöll 4. 5. og 9. október og grátt í byggð 5. október.

**Í nóvember** var norðaustlæg átt algengust. Hámarkshiti var 4,9 stig, 27. nóvember. Lágmarkshiti var -13,3 stig, 8. nóvember. Meðalhiti í nóvember var -1,50 stig. Meðalsnjódýpt í nóvember var 40 cm, mest 57 cm, 2. og 3. nóvember. Úrkoma í nóvember var 188,6 mm, mest 40,6 mm, 1. nóvember. Meðalvindhraði í nóvember var 5,0 hnútar.

**Í desember** voru norðan, norðaustan og suðaustlægur áttir tíðastar. Hámarkshiti var 5,5 stig, 20. desember. Lágmarkshiti var -18,3 stig, 30. desember, sem var mesta frost sem mældist á árinu. Meðalhiti í desember var -2,86 stig. Meðalsnjódýpt í desember var 34 cm, mest 48 cm 14. og 15. desember. Úrkoma í desember var 74,4 mm, mest 14,7 mm, 14. desember. Meðalvindhraði í desember voru 4,8 hnútar.

## 1.2. Tafla yfir hita og úrkomumælingar í Lerkihlíð 2000

	Meðalhiti C°		Úrkoma mm.	
Janúar	-0,88	(-3,38)	69,9	(139,1)
Febrúar	-3,87	(-3,71)	145,3	( 88,0)
Mars	-1,66	(-5,45)	87,4	( 86,4)
Apríl	-1,20	(-1,08)	25,0	( 59,4)
Maí	6,25	( 4,91)	19,9	( 49,9)
Júní	9,05	( 9,69)	19,4	( 37,5)
Júlí	11,99	(10,95)	10,6	( 37,1)
Ágúst	10,01	(10,17)	51,4	( 32,8)
Sept.	6,30	( 5,60)	52,9	( 95,5)
Okt.	1,94	( 2,36)	51,4	( 93,1)
Nóv.	-1,50	(-0,15)	188,6	( 84,1)
Des.	-2,86	(-3,58)	74,4	( 74,3)
	<b>2,80</b>	<b>( 2,19)</b>	<b>796,2</b>	<b>(877,2)</b>

## Tölur í svigum sýna hita og úrkomu 1999

### 1.2. Meðalhiti í júní - september.

Meðalhiti í júní – sept var 9,34 stig, en var 9,10 stig sömu mánuði 1999.

### 1.3. Hitastig undir frostmarki við jörð 10. maí - 20. sept.

18/5	-1,6	3/6	-5,7	23/6	-2,1
19/5	-2,3	7/6	-0,7	26/6	-1,9
20/5	-7,1	8/6	-1,6	6/8	-1,6
22/5	-1,1	12/6	-1,0	7/8	-0,7
23/5	-3,3	13/6	-0,1	3/9	-0,4
25/5	-0,8	14/6	-3,3	6/6	-0,2
26/5	-0,4	15/6	-3,6	17/9	-2,6
30/5	-1,7	16/6	-2,6	18/9	-2,8
1/6	-2,3	20/6	-2,4	19/9	-8,3
2/6	-1,6	21/6	-1,4	20/9	-5,0

### 1.4. Tafla yfir hámarkshita yfir 20. stig.

11/5	20,5	3/7	22,3	25/7	21,4
12/5	21,2	21/7	20,0	1/8	20,4
13/5	20,2	22/7	20,3	8/8	21,3
29/6	24,3	23/7	23,7	9/8	20,8
30/6	25,3	24/7	25,3		

## 2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

### 2.1. Laufgun og lauffall

Brum á birki farið að þrútna 10. maí. Birki komið með græna sliktu 21. maí, hálf útsprungið 26. maí og allaufgað 4. júní. Lerki farið að grænka 11. maí, mikið útsprungið 26. maí og talið algrænt 31. maí. Einstaka greinar á birki og gulvíði farnar að gulna 7. ágúst og birki mikið farið að gulna 25. ágúst, farið að fella lauf 18. september og lauf hálfallið af 28. september. Allt lauf fallið af birki 11. október. Lerki orðið allgult 11. október.

### 2.2. Vöxtur

Vöxtur á trjágróðri var góður á flestum trjátegundum og mjög góður á sumum t.d. ungu birki.

### 2.3. Fræfall

Fræfall var töluvert á birki og safnað nokkru af birkifræi í Vaglaskógi og Reykjarhól í Skagafirði.

## 2.4. Skaðar

Mikið bar á könguling þetta ár og er útbreiðsla hans vaxandi, sérstaklega í Eyjafirði. Samkvæmt upplýsingum frá Guðmundi Halldórssyni, sérfræðingi á Mógilsá, hefur ekki orðið vart við neinn af þeim nýju sjúkdómum, sem hafa verið að berast til landsins að undanfögnu. Í úttekt á sjúkdómum, sem gerð var sumarið 2000, fannst greinaburrksýki (*Gremmeniella abietina*) á fjórum stöðum; Í Vatnsdal, Reykjarhóli, á Hólum í Hjaltadal og í Sellandi í Fnjóskadal. Grenibarrfellisýki (*Cyclaneusma minus*) fannst á þremur stöðum; Egilsá í Norðurárdal, Hólum í Hjaltadal og í Vaðlareit. Áður hafði þessi sýking fundist í Kjarnaskógi. Þináta (*Phacidium balsamicola*) fannst aðeins í Reykjarhól. Tvær fyrrnefndu sýkingarnar eru fyrst og fremst í lasburða bergfurum, en þinátan fer í heilbrigð tré og drepur þau. Nánari upplýsingar hér um er að finna í riti Mógilsár, Trjásjúkdómar, sem er að koma út um þessar mundir.

## 3. STARFSFÓLK

Starfsfólk var að mestu það sama og síðustu ár. Ráðskona var Fríða Arnþórsdóttir. Verkstjórar voru Guðni Þ. Arnþórsson á Vöglum og Marta Svavarsdóttir í Laugabrekku, en á árinu var Sigurpáll Jónsson gerður að verkstjóra í skógi. Margrét Guðmundsdóttir sá um bókhald og skrifstofustörf, sem voru með mesta móti vegna nýs bókhaldskerfis, sem ekki hefur virkað sem skildi, auk þess sem hún vann í gróðrarstöð yfir sumarið. Guðrún Jónsdóttir starfaði sem fyrr í gróðrarstöð og við frærækt, auk veðurtöku. Aðrir starfsmenn voru: Benedikt Karlsson, Kristján Jónsson, Ingimundur Gunnarsson og Jóhannes Gíslason, en hann hætti störfum vegna aldurs um áramót og vil ég þakka honum góð störf hjá stofuninni síðustu 30 ár. Teitur Davíðsson og Elsa A. Sigfúsdóttir unnu yfir sumarmánuðina, en þau fóru í nám í haust og vetur. Starfsmenn á launaskrá voru 19 þegar flestir voru. Verktakar voru við gróðursetningu á Gilá og að hluta til á Hálsmelum.

Laun og launatengd gjöld voru alls 21,973,997, sem skiptust þannig: BSRB laun kr. 5,597,705, dagpeningar kr. 377,150, akstur kr. 457,403, ASÍ laun kr. 15,541,739.

## 4. GIRÐINGAR

### 4.1. Viðhald

Viðhald girðinga var í meðallagi þetta ár. Eitt snjóflóð féll á girðingu í Vaglaskógi og nokkur flóð féllu úr giljum í Þórðarstaða og Lundsskógi. Smölun heimalanda á Vöglum og Þórðarstöðum var eins og síðustu ár verksamningur við Hermann Herbertsson á Sigríðarstöðum.

Kostnaður við viðhald girðinga var kr. 685,981, sem skiptust þannig: Laun og launatengd gjöld kr. 622,178, alls 860 vinnustundir og annar kostnaður kr 63,803. Kostnaður við smölun var kr. 116,758.

### 4.2. Nýgirðingar

Engar nýgirðingar voru girtar á árinu.

## 5. SKÓGARHÖGG

### 5.1. Viður

Skógarhögg fór að mestu fram í Vaglaskógi, Þórðarstaðaskógi og Ásbyrgi. Í Vaglaskógi var unnið við að fella birki úr grenistykkjum í reitum 293, 344, 355, 257, 258 og 43 og einnig tekið efni í platta úr lerkistykkjum. Í Þórðarstaðaskógi var grisjaður birkiskógur sunnan Búðagils og meðfram slóð norðan við Búðabil. Í Ásbyrgi var lerkireiturinn inni í byrginu grisjaður og kom úr þeirri grisjum töluvert efni. Tekið var efni í platta á Vöglum á Þelamörk, birki og lerki, úr reitum 55, 56, 59, 60 og 63.

Felldur viður:

Birki	ca 100 tonn
Lerki	“ 20 “
Annað	“ 4 “

#### 5.1.1. Sala girðingarstaura

Engir staurar voru seldir á árinu.

#### 5.1.2. Viðarsala

Arinviður stórir	3,456	pk
Arinviður litlir	110	pk
Smíðaviður	271,45	m
Reykingarviður	1,780	kg
Birkikurl/flís	5,550	kg
Plattar	7,542	stk
Beðkurl (pokar)	47	pk
Rætur	51	stk
Viðarkol	146	kg

#### 5.1.3. Birgðir í árslok

Arinviður stórir	454	pk
Arinviður litlir	35	pk
Smíðaviður birki	459	m
Birki (efni í arinvið)	2,000	kg
Lerki óunnið	14,000	kg
Birkikurl/flís	875	kg
Reykingarviður	550	kg
Plattar	5,220	stk
Staurar 5 fet	145	stk
Staurar 6 fet	377	stk
Beðkurl	8	pk
Viðarkol	210	kg
Rætur	3	stk

Vinnustundir við skógarhögg og viðarvinnslu voru 4,139 og laun og launatengd gjöld kr. 3,234,985. (Ath! Tölur ekki sambærilegar við síðustu ár vegna öðruvísi uppsetningar bókhalds).

## 5.2. Jólatré

Byrjað var að fella jólatré 14. nóvember. 9. nóvember var farið í Fellsskóg en snúið við vegna þess hve mikill snjór var í trjánum. Felld voru 396 tré á eftirtöldum stöðum.

	<b>Rauðgreni</b>	<b>Stafafura</b>	<b>Blágreni</b>	<b>Fjallapínur</b>	<b>Samtals</b>
Ásbyrgi	1				1
Fellsskógur	133		7	21	161
Reykjarhóll		12	7		19
Vaglaskógur	21		36	9	66
Vaglir Þelamörk	6	97	1		104
Þórðarstaðaskógur	21		24		45
<b>Alls</b>	<b>182</b>	<b>109</b>	<b>75</b>	<b>30</b>	<b>396</b>

Flutt voru jólatré á Norðurland frá Hallormsstað, Selfossi og Borgarfirði. Nokkuð af trjám sem höggin voru fóru í úrkast vegna útlits og köngulings. Starfsmenn fengu jólatré eins og fyrri ár.

### Seld tré

<b>Stærð</b>	<b>Rauðgreni</b>	<b>Stafafura</b>	<b>Blágreni</b>	<b>Fjallapínur</b>	<b>Samtals</b>
070-100	9	8	3	1	21
101-125	15	21	18	7	61
126-150	23	25	21	2	71
151-175	53	22	10	3	88
176-200	14	3	5	1	23
201-250	27	2	1	1	31
251-300	10	1	1	2	14
301-400	2			1	3
401-500	3				3
501-600	1				1
<b>Alls</b>	<b>157</b>	<b>82</b>	<b>59</b>	<b>18</b>	<b>316</b>

Laun og launatengd gjöld v/töku og afhendingar jólatrjáa og greina var kr. 511,064 alls 595 vinnustundir, annar kostnaður kr. 9,056, alls kr. 520,120.

**Tekjur skiptust þannig:**

	<b>Sala</b>	<b>Aðkeypt</b>	<b>Mismunur</b>
Jólatré	644,639	0	644,639
Greinar	53,171	0	53,171
<b>Samtals</b>	<b>697,810</b>	<b>0</b>	<b>697,810</b>

**6. GRÓÐRARSTÖÐ.****6.1. Fræplöntur.**

Sáð var þann 24. maí í hús 1, rússalerki, blágreni, stafafuru, sitkabastarð, sitkagreni, hvítgreni og rauðgreni í FP40. Sáð var þann 9. júní álm, birki (3 kvæmi), hengibirki, gráelri í FP40 og bergfuru í FP35. Ennfremur var sáð lítilsháttar af ýmsum kvæmum af lerki til prufu þann 11. júlí.

**6.2. Dreifsetning**

Stungið var 63,309 græðlingum í FP35 bakka.

**6.3. Garðplöntur**

Garðplöntur voru seldar fyrir kr. 2,130,213 og afhentir styrkir og millifærslur fyrir kr. 57,175. Stungið var 7,063 sumargræðlingum og pottaðar voru 5,020 plöntur. Seldar og afhentar voru 40,951 plöntur og til sölu og afhendingar eru áætlaðar 71,192 plöntur árið 2001.

**6.4. Afhending skógplantna**

Afhentar voru 137,833 skógarplöntur úr gróðrarstöðvunum.

Seldar skógarplöntur	2,703,380
Millifærslur og styrkir	1,648,843
<b>Alls kr.</b>	<b>4,352,223</b>

**6.5. Illgresiseyðing**

Illgresiseyðing var með svipuðum hætti og síðustu ár.



## 6.6. Nýframkvæmdir

Engar nýframkvæmdir voru í gróðrarstöð síðasta ár, aðeins unnið við nauðsynlegt viðhald.

## 6.8. Kostnaður

<b>Laugabrekka</b>	<b>Kr.</b>	<b>Vinnust.</b>
Plöntuuppeldi almennt	530,504	635
Fjölpottaplöntur	336,142	466
Pottaplöntur	329,625	445
<b>Alls</b>	<b>1,196,271</b>	<b>1,546</b>
<b>Vaglir</b>		
Afhending	693,076	739
Frágangur	152,395	154
Frídagavaktir	153,368	85
Grisjun	245,015	279
Hreinsun bakka	54,129	85
Jarðbrot	5,209	8
Moldarfylling	115,589	167
Plöntuuppeldi almennt	100,996	147
Pottun	53,352	72
Sáning	65,840	102
Stiklingar beðræktun	9,682	16
Stiklingar inniræktun	125,625	122
Umhirða	836,397	1,007
Upptaka	8,078	14
Verkstjórn	637,356	632
Vetrarumbúnaður	84,319	121
Viðargræðlingar	258,354	369
Viðhald	2,564	4
<b>Alls</b>	<b>3,601,344</b>	<b>4,123</b>
<b>Samtals Laugabrekka og Vaglir</b>	<b>4,797,615</b>	<b>5,669</b>

Ath. Kjarasamningagjöld ekki innifalin

## 7. GRÓÐURSETNING

### Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjöldi

Gróðursett var á Gilá í Vatnsdal, Hálsmelum, Vöglum á Þelamörk og við útivistarsvæði í Vaglaskógi. Á Gilá sá Luther Olgeirsson og fjölskylda í Forsæludal um gróðursetningu og á Hálsmelum gróðursettu nemendur og starfsfólk í Stórutjarnarskóla að hluta til. Plöntur komu frá Hallormsstað í Gilá en aðrar komu frá Vöglum.

	Tegundir	Aldur	Kvæmi	Nr	Fjöldi	Reitur
Gilá	Rússalerki	1/0	Hausjärvi	990008	1,474	37
	Síberíulerki	2/0	Ostskoe	930001	2,144	37
	Síberíulerki	2/0	Altaifjöll	870018	6,432	37
					<b>10,050</b>	
Hálsmelar	Rússalerki	1/0	Vaglir	980058	800	543 & 616
	Rússalerki	1/0	Luumäki	990010	9,200	543 & 616 ath ný nr.
					<b>10,000</b>	
Vaglar Þelam	Blágreni	3/0	Rio Gr.	960001	437	202
	Fjallapínur	5/0	Arapaho	940007	1,066	202
	Rauðgreni	3/0	Hemnes	950007	2,280	424-426
	Stafafura	4/0	Bennet lake	900003	55	202
					<b>3,838</b>	

Vaglaskógur Gróðursettar voru ýmsar tegundir af pottaplöntum sunnan við Flatagerðistún.

#### Leiga af Hálsmelum

Sóknarpresti á Hálsi voru afhentar ýmsar tegundir af plöntum, grenispírur auk vinnuframlags við gróðursetningu upp í leigu. Inneign prests vegna leigu var 1.1.2001 kr. 8.717.

Laun og launatengd gjöld við gróðursetningu var kr. 90,075, vinnustundir alls 113, verktakar kr. 155,374. Alls kr. 245,449.

## 8. HIRÐING PLANTNA

Unnið var við hirðingu plantna í eftirtöldum skóglendum:

Grundarreitur	kr.	46,436	14 tímar
Reykjarhóll	kr.	2,436	4 tímar
Vaglaskógur	kr.	74,584	108 tímar

Í Vaglaskógi var sagað frá plöntum sunnan beitarhúsa í reitum 187, 183 og 43. Einnig var unnið við grisjun á útivistarsvæði í Stórarjórðri og Hrórastaðanesi.

## **9. BYGGINGAR**

Haldið var áfram með byggingu á fræhúsi og settur í það búnaður, miðstöð, opnunarbúnaður og smíðaðar stórar hurðir í báða gafla. Gera þurfti við skemmdir á fræhúsi, sem urðu í miklu hvassviðri 16. janúar. Hluti af glugga á mæni fauk af og skemmdi 4 plötur á þaki að austan og eitt langband. Á Vöglum 2 var húsið málað að utan. Aðrar framkvæmdir við húseignir voru eðlilegt viðhald.

## **10. VÉLAR OG VERKFÆRI**

Viðhald véla og bifreiða var svipað og síðustu ár, í lágmarki. Gert var við dráttarvél, Ferguson 135, sem skemmdist í eldi fyrir nokkrum árum. Fengnir voru varahlutir að hluta úr notuðum vélum hjá bónda í Skagafirði, en annað keypt nýtt. Er þessi vél nú í góðu lagi. Eins og síðustu ár vil ég vekja athygli á því að mjög brýnt er að endurnýja stóra dráttarvél og kaupa ámoksturstæki, viðarkurlara og nýtt útdráttarspil. Keypt var færiband á viðarsög. Seld var Toyota Hilux, PB-855, á haustdögum, en ný Toyota Hilux fengin á rekstrarleigu í júní.

## **11. NYTJASKÓGAR Á BÚJÖRDUM**

Norðurlandsskógar hafa nú tekið við þessu verkefni.

## 12. ÝMISLEGT

### 12.1. Fundir og ferðalög

Fundir og ferðalög skógarvarðar á árinu voru þessi helst. Fór á samráðsfund á Egilsstöðum 10. jan. Fór til Reykjavíkur vegna útréttinga 13.-14. janúar. Fór á stjórnarfund hjá Skf. S-Þing. á Ytra Fjalli 23. jan. Fór á sameiginlegan fund allra landshlutabundnu skógræktarverkefnanna í Reykjavík 4. febrúar og stjórnarfund í Norðurlandsskógum á Akureyri 8. febr. Fór á samráðsfund til Egilsstaða 10. febr. Fulltrúafundur Skf. Íslands í Reykjavík 18. mars. Stjórnarfundur í Norðurlandsskógum 20. mars. Fór á fund á Egilsstöðum með yfirstjórn um fjárhagsáætlun 23. mars. Stjórnarfundur Norðurlandsskóga á Akureyri 28. mars. Fór á aðalfund skógarbænda á Norðurlandi í Húnaveri 30. mars. Fór á samráðsfund á Egilsstöðum 10. apríl. Stjórnarfundur í Norðurlandsskógum 25. apríl. Kynningarfundur Norðurlandsskóga á Breiðumýri 3. maí og Þórshöfn og Lundi í Öxafirði 4. maí. Fór á aðalfund Skf. S-Þing. á Svalbarðseyri 7. maí. Kynningarfundur Norðurlandsskóga í Hlíðar bæ í Eyjafirði og Miðgarði Skagafirði 8. maí. Fór á hátíðarfund Skf. Eyfirðinga á Akureyri 13. maí. Fór austur á Hallormstað til að sækja plöntur í viðbótarskóga 26. maí. Fór með viðbótarskógaplöntur í Varmahlíð 22. maí. Fór með plöntur vestur í Gilá í Vatnsdal 8. júní. Fór á samráðsfund á Hallormstað 13. júní. Stjórnarfundur í Norðurlandsskógum 22. júní. Fór með stjórn Norðurlandsskóga í kynnisferð um Fljótsdalshérað 4. júlí. Fundur á Egilsstöðum 5. júlí. Fór á fund hjá Skf. Eyfirðinga í Kjarna vegna undirbúnings aðalfundar Skf. Íslands 11. júlí. Fór með Sigrúnu Sigurjónsdóttur að Dagverðareyri vegna undirbúnings á stofnfundi Norðurlandsskóga 12. júlí. Fór á stofnfund Norðurlandsskóga á Dagverðareyri 13. júlí. Fór í skoðunarferð með Landbúnaðarráðherra, Guðna Ágústssyni, stjórn Norðurlandsskóga og fl. um Eyjafjörð og í Vagli 13. júlí. Fór með Guðna Þorsteini og Sigurpáli um Vaglaskóg, Þórðarstaðaskóg, Fellsskóg og Sigríðarstaðaskóg í skoðunarferð vegna jólatrjáatöku 31. júlí. Fór með Sigurði Blöndal og fl. um Mela- og Skuggabjargarskóg 10. ágúst. Fór um Mývatnssveit með Sigurpáli og Hólmfríði Pétursdóttur 10. ágúst. Fór í Grundarreit með Sigurpáli vegna tiltektar 14. ágúst. Sat aðalfund Skf. Íslands á Akureyri 25. – 27. ágúst. Fundur á Egilsstöðum 4. sept. Fór í Ásbyrgi með Brynjari Skúlasyni og Sigurpáli vegna framkvæmda þar 18. sept. Fór til Reykjavíkur á fund um jólatré 20. sept. Fór á Vagli á Þelamörk í skoðunarferð með Sigurpáli 22. sept. Fór í Ásbyrgi og hitti Sigurgeir Ísaksson vegna frágangs á útihúsum 22. sept. Fór í Ásbyrgi vegna grisjunar 4. okt. Fór suður til Reykjavíkur með bifreiðina PB-855, vegna sölu á henni hjá Innkaupastofnun 5. okt. Fór í Varmahlíð með Margréti vegna talningar og fl. 11. okt. Fór í Fellsskóg með Brynjari og Sigurði Jónssyni á Ysta-Felli 12. okt. Fór á fund með þingmönnum Norðurlands eystra á Akureyri og stjórn Norðurlandsskóga 24. okt. Fór á Sauðárkrók á fund með þingmönnum Norðurlands vestra og stjórn Norðurlandsskóga 26. okt. Fór á fund hjá Náttúruvernd ríkisins í Reykjavík 17. nóvember.

## 12.2. Ferðafólk

Fjöldi ferðamanna var nokkuð góður þetta ár. Tjaldsvæðið var leigt sömu aðilum og síðasta ár. Aðeins var unnið við lagfæringar á umhverfi tjaldsvæða þetta sumar, sagaðir víðirunnar og líflítil tré.

Skráðar gistinætur í Vaglaskógi voru 12,994, sem skiptust þannig eftir mánuðum: Í júní 1,535, í júlí 8,769 og í ágúst 2,690.

Tekjur af útivistarsvæði voru kr. 600.000. Laun og launatengd gjöld kr. 174,794, alls 236 vinnustundir. Annar kostnaður kr. 195,832.

## 12.4. Annað

Fræræktin í gróðurhúsinu hélt áfram og voru plönturnar fluttar í nýja fræhúsið í apríl. Töluvert kom af könglum á lerkið og lítlsháttar af birkifræi var safnað af norðlenskum kvæmum. Heimsóknir gesta voru töluverðar þetta ár. Gestir af ráðstefnu sem haldin var á Akureyri 27. - 29. júní, komu í Vaglaskóg í grillveislu 29. júní. Var þetta fólk af mörgum þjóðernum. 2. júlí kom hópur danskra bænda á vegum Ferðaskrifstofu Samvinnuferðar/Landsýnar og skoðuðu skóginn og borðuðu nesti sitt. 27. ágúst kom í heimsókn hópur Norðurlandabúa, sem vinna að því að samræma starf náttúruverndar og skógræktar. Með hópnum var Árni Bragason, Brynjar Skúlason og Sigrún Sigurjónsdóttir. Hópurinn snæddi kvöldverð á Vöglum. Ýmsir komu í heimsókn þetta ár sem ekki eru nefndir hér, en gestakomur voru eins og áður er nefnt með mesta móti þetta ár.

Ég vil að lokum þakka öllum gott samstarf á árinu

22. febrúar 2001

Sigurður Skúlason, skógarvörður